



92. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudagur, 17. ágúst, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi félags áhugafólks um íþróttir aldraðra.
2. Umsókn um leyfi fyrir torfærukeppni í Kleifarhornsgrús.
3. Málþing um Staðardagskrá 21.
4. Fundargerðir SSNV.
5. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.
6. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Erindi félags áhugafólks um íþróttir aldraðra.**
Í erindi félagsins er þess óskað að sveitarfélög um land allt veiti eldri borgurum í auknum mæli tækifæri til almennrar líkamsþjálfunar. Lagt fram til kynningar.
2. **Umsókn um leyfi fyrir torfærukeppni í Kleifarhornsgrús.**
Akstursfélag Suðurnesja sækir um leyfi landeiganda fyrir torfærukeppni laugardaginn 28. ágúst. nk. Bæjarráð samþykkir erindið.
3. **Málþing um Staðardagskrá 21.**
Þingið er haldið á Akureyri, 10 september nk. og er ætlað fulltrúum minni sveitarfélaga.
4. **Fundargerðir SSNV.**
Til kynningar lagðar fram fundargerðir stjórnar SSNV frá 5/7 og 3/8 2004.
5. **Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.**
Hlutur Blönduóssbæjar í ágóðahlutagreiðslu EBÍ árið 2004 er kr. 3.027.000-.
6. **Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**
 - a. *Sótt er um skólavist í Grunnskólanum á Blönduósi fyrir Dagmar Ósk Guðmundsdóttur og Sigurjón Þór Guðmundsson, skólaárið 2004-2005. Í erindinu kemur fram að Byggðasamlag Húnavallaskóla hefur samþykkt beiðnina.*
Bæjarráð samþykkir skólavist fyrir ofangreinda nemendur.
 - b. *Erindi bókuð í trúnaðarbók.*



7. Önnur mál.

- a. Starfsmannamál.** *Farið yfir starfsmannamál. Bæjarstjóri tjáði að bæjarverkstjóri hefði ekki þegið endurráðningu í þjónustumiðstöð. Ágúst Þór óskar eftir að fram komi að hann sé ósáttur með þær tafir sem orðið hafa við vinnu að skipulagsbreytingum, þær hafi dregist úr hófi og leitt af sér óvissu í starfsmannahaldi.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl 18:45.***

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)